

Mál nr. 425/2016**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á Jakaseli í Reykjavík 16. nóvember 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.12.2016, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 27.12.2016, ásamt niðurstöðu tjonanefndar, athugasemdum ökumanns bifreiðar B dags. 23.12.2016 og myndum af vettvangi.

Bréf V1, dags. 3.1.2017, ásamt gögnum sem þá þegar voru komin fram undir 1. og 2.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu sem gerð var vegna áreksturs bifreiðanna A og B kemur fram að þeim var báðum ekið um götuna Jakasel þegar árekstur varð. Bifreið A var ekið með stefnu austur götuna en bifreið B með stefnu vestur götuna og verður ekki annað séð en ökumenn bifreiðanna hafi verið að mætast þegar árekstur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi farið inn á öfuga akrein og vísar þar til myndar sem lögð er fram með gögnum málsins. Einnig vísar M til þess að það vanti frekari myndir af staðsetningu bifreiðar B og til þess að aðstæður við götuna séu þess eðlis að algengt sé að ökumenn, sem ekki þekki vel til, misskilji hvar þeir eigi að aka um akbrautina.

V1 telur að ökumanni bifreiðar B hafi borið að veita bifreið A forgang vegna almenns umferðarréttar um gatnamót í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V2 telur hins vegar sýnt af myndum í tjonstilkynningu að staðsetning bifreiðar A hafi verið þannig að henni hafi verið ekið á rögum vegarhelmingi m.v. akstursstefnu í aðdraganda áreksturs. V2 telur því að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök á árekstrinum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjonstilkynning sem gerð er af óháðum aðila (Aðstoð&Öryggi) og geymir hún upplýsingar um aðstæður á vettvangi, framburð ökumanns bifreiðar A og B sem og myndir af vettvangi. Á mynd sem sýnir akstursstefnu bifreiðar A og staðsetningu hennar eftir áreksturinn verður ekki annað séð en að þeirri bifreið hafi verið ekið þannig að staðsetning hennar hafi verið á rögum vegarhelmingi, en skv. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga skal ökumaður almennt aka eins langt til hægri og unnt er. Ekki hefur verið sýnt fram á að myndirnar sýni ranga mynd af aðstæðum eftir áreksturinn eð að ökumaður bifreiðar B hafi ekið gegn fyrirmælum sömu greinar eða öðrum fyrirmælum umferðarlaga. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.